

Álit og tillögur kjörbréfanefndar.

Kjörbréfanefnd hefur haft til athugunar kjörbréf þau sem landskjörstjórn gaf út 4. maí 2009 í samræmi við úrslit alþingiskosninga sem fram fóru 25. apríl sl.

Þá hefur nefndinni borist bréf frá dómsmálaráðuneytinu, dags. 7. maí sl. Bréfinu fylgdu í lokuðu umslagi sjö ágreiningsseðlar ásamt endurríti úr gerðabók yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgar kjördæmis suður. Yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar kjördæmis suður úrskurðaði tvo af ágreiningsseðlunum ógilda og fimm þeirra gilda. Ágreiningsseðlarnir sem taldir voru ógildir eru með svipuðum frágangi, þ.e. merkt er við listabókstaf eins flokks en strikað yfir eða strokuð út með ófullnægjandi hætti merking við annan listabókstaf. Af ágreiningsseðlum sem taldir voru gildir eru tveir greiddir utan kjörfundar. Á annan þeirra er stimplaður listabókstafur og ritað með ritblýi nafn frambjóðanda ásamt sæti á framboðslista og kjördæmi, en síðan strikað yfir nafnið. Á hinn seðilinn er ritaður með penna bókstafurinn G en strikað yfir hann með greinilegum hætti og í stað hans ritaður með penna listabókstafurinn V. Tveir ágreiningsseðlanna eru þeirrar gerðar að merkt er við listabókstaf og síðan dreginn hringur um nöfn eins eða fleiri frambjóðenda. Síðasti seðillinn er þeirrar gerðar að ekki er merkt við listabókstaf en x sett aftan við nöfn allra frambjóðenda utan eins á tilteknum lista.

Bréfi dómsmálaráðuneytisins fylgdi einnig í innsigliðu umslagi eitt utankjörfundaratkvæði sem yfirkjörstjórn Suðurborgar kjördæmis úrskurðaði ógilt við talningu á kjördegi ásamt endurríti úr gerðabók yfirkjörstjórnar. Á ágreiningsseðilinn er ritaður með ritblýi bókstafurinn U.

Varðandi ágreiningsseðlana fimm sem úrskurðaðir voru gildir telur nefndin þann úrskurð standast ákvæði 100. gr., sbr. 101. gr., laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000. Varðandi ágreiningsseðlana þrjú sem úrskurðaðir voru ógildir telur nefndin að greinilegt sé hvernig atkvæðin áttu að falla, sbr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis. Því telur nefndin að meta skuli gild þau þrjú ágreiningsatkvæði sem send voru Alþingi til úrskurðar frá Reykjavíkurborgar kjördæmi suður og Suðurborgar kjördæmi og yfirkjörstjórnir höfðu úrskurðað ógild. Þau skiptast þannig milli framboða að tvö atkvæði í Reykjavíkurborgar kjördæmi suður voru greidd D-lista Sjálfstæðisflokks og eitt atkvæði í Suðurborgar kjördæmi var greitt V-lista Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs.

Nefndin hefur gengið úr skugga um að þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á niðurstöður kosninganna.

Loks barst nefndinni kæra með bréfi til dómsmálaráðuneytis, dags. 1. maí 2009, sbr. 118. og 120. gr. laga um kosningar til Alþingis. Í henni er þess krafist að Alþingi úrskurði framboðslista allra framboða sem fengu þingmenn kjörna í nýafstöðnum kosningum í öllum kjördæmum ólöglega kosna og að Alþingi ógildi kosningu allra þeirra einstaklinga sem taka eiga sæti á Alþingi í samræmi við úrslit kosninganna. Kæran er reist á ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar sem mælir fyrir um að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og byggist á því að misvægi atkvæða milli kjördæma standist ekki það ákvæði. Nefndin bendir á að í 5. mgr. 31. gr. stjórnarskrárinnar segir að ef kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti, að meðtöldum

jöfnunarsætum, eru eftir alþingiskosningar helmingi færri í einu kjördæmi en einhverju öðru kjördæmi skuli landskjörstjórn breyta fjölda þingsæta í kjördæmum í því skyni að draga úr þeim mun. Nefndin lítur svo á að þarna hafi stjórnarskrárgjafinn fallist á það misvægi atkvæða milli kjördæma sem fer ekki fram úr þeim mörkum sem kveðið er á um í málsgreininni. Þá er hér um að ræða sérákvæði gagnvart hinni almennu jafnræðisreglu 65. stjórnarskrárinnar sem gengur henni fram. Af þessum sökum telur nefndin ekki ástæðu til að draga lögmati kosninganna í efa og álitur kröfu um ógildingu þeirra ekki eiga við rök að styðjast. Nefndarmenn voru einhuga um mikilvægi þess að jafna atkvæðisrétt.

Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Borgarahreyfingarinnar, gerir þann fyrirvara við meðferð nefndarinnar á kærinni að hún sé í meginatriðum sammála kærinni og telji misvægi atkvæða brjóta á mannréttindum sínum sem kjósanda í Suðvesturkjördæmi.

Að virtu öllu framangreindu leggur nefndin til í samræmi við 46. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 1. gr., sbr. 5. gr., laga um þingsköp Alþingis að kosningarnar teljist gildar og að kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna verði **samþykkt**:

Aðalmenn:

Ásbjörn Óttarsson, 1. þm. Norðvest.
 Jón Bjarnason, 2. þm. Norðvest.
 Guðbjartur Hannesson, 3. þm. Norðvest.
 Gunnar Bragi Sveinsson, 4. þm. Norðvest.
 Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
 Lilja Rafney Magnúsdóttir, 6. þm. Norðvest.
 Ólína Þorvarðardóttir, 7. þm. Norðvest.
 Guðmundur Steingrímsson, 8. þm. Norðvest.
 Ásmundur Einar Daðason, 9. þm. Norðvest.

Steingrímur J. Sigfússon, 1. þm. Norðaust.
 Birkir Jón Jónsson, 2. þm. Norðaust.
 Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.
 Kristján Þór Júlíusson, 4. þm. Norðaust.
 Þuríður Backman, 5. þm. Norðaust.
 Höskuldur Þór Þórhallsson, 6. þm. Norðaust.
 Sigmundur Ernir Rúnarsson, 7. þm. Norðaust.
 Björn Valur Gíslason, 8. þm. Norðaust.
 Tryggvi Þór Herbertsson, 9. þm. Norðaust.
 Jónína Rós Guðmundsdóttir, 10. þm. Norðaust.

Björgvin G. Sigurðsson, 1. þm. Suðurk.
 Ragnheiður Elín Árnadóttir, 2. þm. Suðurk.
 Sigurður Ingi Jóhannsson, 3. þm. Suðurk.
 Atli Gíslason, 4. þm. Suðurk.
 Oddný G. Harðardóttir, 5. þm. Suðurk.
 Unnur Brá Konráðsdóttir, 6. þm. Suðurk.
 Eygló Þóra Harðardóttir, 7. þm. Suðurk.
 Róbert Marshall, 8. þm. Suðurk.
 Árni Johnsen, 9. þm. Suðurk.
 Margrét Tryggvadóttir, 10. þm. Suðurk.

Árni Páll Árnason, 1. þm. Suðvest.
 Bjarni Benediktsson, 2. þm. Suðvest.
 Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, 3. þm. Suðvest.
 Katrín Júlíusdóttir, 4. þm. Suðvest.
 Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvest.
 Sív Friðleifsdóttir, 6. þm. Suðvest.
 Þórunn Sveinbjarnardóttir, 7. þm. Suðvest.
 Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 8. þm. Suðvest.
 Þór Saari, 9. þm. Suðvest.
 Ögmundur Jónasson, 10. þm. Suðvest.
 Magnús Orri Schram, 11. þm. Suðvest.
 Jón Gunnarsson, 12. þm. Suðvest.

Össur Skarphéðinsson, 1. þm. Reykv. s.
 Ólöf Nordal, 2. þm. Reykv. s.
 Svandís Svavarsdóttir, 3. þm. Reykv. s.
 Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, 4. þm. Reykv. s.
 Guðlaugur Þór Þórðarson, 5. þm. Reykv. s.
 Lilja Mósesdóttir, 6. þm. Reykv. s.
 Skúli Helgason, 7. þm. Reykv. s.
 Vígðís Hauksdóttir, 8. þm. Reykv. s.
 Birgitta Jónsdóttir, 9. þm. Reykv. s.
 Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, 10. þm. Reykv. s.
 Birgir Ármannsson, 11. þm. Reykv. s.

Jóhanna Sigurðardóttir, 1. þm. Reykv. n.
 Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykv. n.
 Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. n.
 Helgi Hjörvar, 4. þm. Reykv. n.
 Árni Þór Sigurðsson, 5. þm. Reykv. n.
 Valgerður Bjarnadóttir, 6. þm. Reykv. n.
 Pétur H. Blöndal, 7. þm. Reykv. n.
 Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 8. þm. Reykv. n.
 Þráinn Bertelsson, 9. þm. Reykv. n.
 Álfheiður Ingadóttir, 10. þm. Reykv. n.
 Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 11. þm. Reykv. n.

Varamenn:

Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, 1. vþm. Framsfl. í Norðvest.
 Elín R. Líndal, 2. vþm. Framsfl. í Norðvest.
 Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Norðvest.
 Birna Lárusdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Norðvest.
 Arna Lára Jónsdóttir, 1. vþm. Samf. í Norðvest.
 Þórður Már Jónsson, 2. vþm. Samf. í Norðvest.
 Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Norðvest.
 Telma Magnúsdóttir, 2. vþm. Vinstri-gr. í Norðvest.
 Grímur Atlason, 3. vþm. Vinstri-gr. í Norðvest.

Huld Aðalbjarnardóttir, 1. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Sigfús Karlsson, 2. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Arnbjörg Sveinsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Norðaust.
 Björn Ingimarsson, 2. vþm. Framsfl. í Norðaust.
 Logi Már Einarsson, 1. vþm. Samf. í Norðaust.
 Helena Þ. Karlsdóttir, 2. vþm. Samf. í Norðaust.
 Örlygur Hnefill Jónsson, 3. vþm. Samf. í Norðaust.
 Bjarkey Gunnarsdóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Norðaust.
 Þorsteinn Bergsson, 2. vþm. Vinstri-gr. í Norðaust.
 Dýrleif Skjöldal Ingimarsdóttir, 3. vþm. Vinstri-gr. í Norðaust.

Birgir Þórarinsson, 1. vþm. Framsfl. í Suðurk.
 Bryndís Gunnlaugsdóttir, 2. vþm. Framsfl. í Suðurk.
 Íris Róbertsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.
 Kjartan Ólafsson, 2. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.
 Vilhjálmur Árnason, 3. vþm. Sjálfstfl. í Suðurk.
 Jón Kr. Arnarson, 1. vþm. Borgarahr. í Suðurk.
 Anna Margrét Guðjónsdóttir, 1. vþm. Samf. í Suðurk.
 Guðrún Erlingsdóttir, 2. vþm. Samf. í Suðurk.
 Þóra Þórarinsdóttir, 3. vþm. Samf. í Suðurk.
 Arndís Soffía Sigurðardóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Suðurk.

Helga Sigrún Harðardóttir, 1. vþm. Framsfl. í Suðvest.
 Óli Björn Kárason, 1. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Rósa Guðbjartsdóttir, 2. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Víðir Smári Petersen, 3. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Eva Magnúsdóttir, 4. vþm. Sjálfstfl. í Suðvest.
 Valgeir Skagfjörð, 1. vþm. Borgarahr. í Suðvest.
 Lúðvík Geirsson, 1. vþm. Samf. í Suðvest.
 Magnús M. Norðdahl, 2. vþm. Samf. í Suðvest.
 Amal Tamimi, 3. vþm. Samf. í Suðvest.
 Sara Dögg Jónsdóttir, 4. vþm. Samf. í Suðvest.
 Ólafur Þór Gunnarsson, 1. vþm. Vinstri-gr. í Suðvest.
 Margrét Pétursdóttir, 2. vþm. Vinstri-gr. í Suðvest.

Einar Skúlason, 1. vþm. Framsfl. í Reykv. s.
 Erla Ósk Ásgeirsdóttir, 1. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Sigríður Ásthildur Andersen, 2. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Gréta Ingþórsdóttir, 3. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. s.
 Baldvin Jónsson, 1. vþm. Borgarahr. í Reykv. s.
 Anna Pála Sverrisdóttir, 1. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Dofri Hermannsson, 2. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Margrét Kristmannsdóttir, 3. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Margrét Sverrisdóttir, 4. vþm. Samf. í Reykv. s.
 Kolbrún Halldórsdóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. s.
 Ari Matthíasson, 2. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. s.

Ásta Rut Jónasdóttir, 1. vþm. Framsfl. í Reykv. n.
 Sigurður Kári Kristjánsson, 1. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Ásta Möller, 2. vþm. Sjálfstfl. í Reykv. n.
 Katrín Snæhólm Baldursdóttir, 1. vþm. Borgarahr. í Reykv. n.
 Mörður Árnason, 1. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Baldur Þórhallsson, 2. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Sigríður Arnardóttir, 3. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Pétur Georg Markan, 4. vþm. Samf. í Reykv. n.
 Auður Lilja Erlingsdóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. n.
 Davíð Stefánsson, 2. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. n.
 Anna Ólafsdóttir Björnsson, 3. vþm. Vinstri-gr. í Reykv. n.

Alþingi, 15. maí 2009.

Helgi Hjörvar,
form., frsm.

Árni Þór Sigurðsson.

Álfheiður Ingadóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.

Birgir Ármannsson.

Ólöf Nordal.

Margrét Tryggvadóttir,
með fyrirvara.

Vigdís Hauksdóttir.

Þórunn Sveinbjarnardóttir.